

1870.

10. febrúar.

9. Auglýsing fyrir Ísland, um tilkynning um einkarétt til að eptirmynda ljósmyndir (á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt tilskipun handa Íslandi um eptirmyndan ljósmynda og fl., dagsettri 11. dag desemberm. f. á., getur sá, sem á sjálfs síns kostnað hefir búið til frumlega ljósmynd eptir náttúr-unni, eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefir einkarétt til að eptirmynda, um 5 ára tímabil fyrirmunað öðrum að búa til ljósmynd til sölu eptir ljósmynd hans, með því að tilkynna á þeim stað og með þeim hætti, sem dómsmálaráðherrann tiltekur nákvæmar, að hann áskili sér einkarétt, og með því þar á ofan að setja nafn sitt og orðin „með einkarétti“ á sérhverja ljósmynd, er hann lætur frá sér fara. Samkvæmt þessu skal gjört heyrum kunnugt, að tilkynning sú, sem að framan er um rædt, skal send stiptamtmanninum yfir Íslandi, og á hún að hafa inni að halda nafn ljósmyndasmiðsins, ritað fullum stöfum, nógu greinilega lýsingu á ljósmyndinni, er áskilinn er einkaréttur til að eptirmynda, og, ef ljósmyndin er eptirmyndan einhvers listaverks, þá nafn listasmiðsins. Þar að auki skal ávallt senda með tilkynningunni eina af ljósmyndum þeim, sem áskilinn er einkaréttur til að eptirmynda.

Í dómsmálastjórninni 10. dag febrúarmánaðar 1870.

C. Nutzhorn.

Fr. Reinhardt.

16. febrúar. 10. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um hjónavígslu af uppgjafapresti.

Útaf því, að uppgjafaprestur Hjalti Þorláksson á Stað á Snæfjallaströnd í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi hefir gefið saman í hjónaband Þórð bónda Magnússon á Borg og Guðríði Hafliða-dóttur í bænda kirkju á Eyri, eptir að hlutaðeigandi sóknarprestur, Eyjólfur Jónsson, hafði lýst til hjónabandsins og svaramenn voru tilfengnir, enda þótt meinbugir væri á samkvæmt D. L. 3—16—8, mæltist stjórnarráðið til þess í bréfi, dagsettu 7. ágúst. f. á., að

1870.

16. febrúar.

fá vitneskju um, hvernig á því hafi staðið, að uppgjafapresturinn hafi getað komist inn í kirkjuna án leyfis og vitundar sóknarprestsins, til þess að framkvæma þar prestsverk, og leitaði jafnframt álits yðar, háæruverðugi herra, um það, á hverju sú mein-ing yðar væri byggð, að uppgjafaprestum á Íslandi yfirhöfuð væri heimilt að fremja öll prestsverk, og þá einkum, hvort íslensk lög væri til þess. Þér hafið því næst sent hingað eptirrit af skýrslu frá svaramönnunum og skýrslu frá eigendum Eyrar kirkju, sem sýnir, að þeir hafa látið uppgjafaprest Hjalta Þorláksson eptir beiðni hans komast í kirkjuna, í trausti þess, að hann hefði leyfi sóknarprestsins til að gefa saman fyrnefnd hjón, og jafnframt þessu hafið þér í bræfi yðar 18. októbr. f. á., hvað hið fyrra atriði snertir, látið í ljósi, að það sú kirkja, sem hjónavígslan fór fram í, væri þenda kirkja, hafi eigendurnir haft vald til þess að opna kirkjuna og leyfa uppgjafaprestinum inngöngu án leyfis og vitundar sóknarprestsins, og hvað hið síðara atriði snertir: að enginn efi, að svo miklu leyti sem menn viti til, hafi leikið á því, að það væri rétt, að öll þau prestsverk, sem uppgjafaprestur fremdi, væri gild; að það sè mörg dæmi til á Íslandi, að uppgjafaprestar í forföllum sóknarprestsins hafi framið prestsverk, án þess að nokkur hafi efað, að þau hefði fullt gildi að lögum, og enn fremur, að það sè samkvæmt eðli málsins, að sá prestur, sem segir af sér embætti, eigi þar fyrir missi réttindi prestsstettarinnar, svo framarlega sem hann eigi gjörir sig óverðugan til þess að halda þeim.

Um leið og þess er getið, að málið, að því er snertir svaramennina, er sent dómsmálastjórninni, skal yður það til vitundar gefið, að stjórnarráðið, samkvæmt tillögum yðar í bræfi 5. júnim. þ. á., leyfir, eptir því sem komið er, að eigi verði höfðað mál gegn uppgjafapresti Hjalta Þorlákssyni fyrir þetta tiltæki hans, með því skilyrði, að honum verði bannað að bera messuklæði og framkvæma prestsverk, og eru það þar að auki tilmæli stjórnarráðsins, að þér, háæruverðugi herra, ávitið sóknarprestinn, Eyjólf Jónsson, fyrir varúðarleysi hans í þessu efni. Jafnframt og stjórnarráðið getur þess, eptir tilefni í síðasta bræfi yðar, að það er eigi komið til umtals, hvort hjónabandið sjálft, sem hér er framkvæmt, sè gilt

1870.

16. febrúar.

að lögum eða ekki, skal því við bætt, að það er hvorttveggja, að það fylgir af sjálfu sér, að sóknarpresturinn einn getur leyft aðgöngu til kirkjunnar til embættisverka, hvort sem hún er bænda kirkja eða ekki, enda leiðir það af eðli málsins og skýru lagabóði í tilskipun 30. apríl 1824, 14. gr., að enginn annar getur gefið saman hjón, en sá prestur, sem hefir embætti við kirkjuna eða þá sá prestur, sem hann hefir falið á hendur, fyrir sína hönd og uppá sína ábyrgð, að gegna þessu embættisverki, og hýst því stjórnarráðið við, að þér sjáið svo um, að þessu verði framfylgt eptir-leiðis.

18. febrúar.

11. Auglýsing aðalpóststjórnarinnar um ýmislegt, er snertir póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands¹.

Um leið og vísað er til auglýsingar frá annari póstskrifstofu, 29. f. m. um það, að póststjórnin tekur að sér að annast pótsamgöngur milli Danmerkur, Færeyja og Íslands, skal það hærmeð kunngjört, að gufuskip stjórnarinnar, Diana, mun leggja hëðan frá Kaupmannahöfn 1. marzm. þ. á., eða svo fljótt þar á eptir, sem veður og ísar leyfa, og síðan mun birt nákvæmari ferða-áætlun.

Það má ætla, að farið verði á milli á 10 eða 12 dögum, ef ekki bregður útaf því sem venjulegt er.

Fyrir far með póstgufuskipinu verður að borga:

	fyrsta rúm.	annað rúm.	viðbót fyrir sér- stakt rúm.
	rd.	rd.	rd.
Milli Kaupmannahafnar og Íslands	45	36	15
— — — og Þórshafnar	35	27	12
— — — og Leith eða Leirvíkur	26	15	9

¹) Reglugjörð um pótsendingar milli Danmerkur og Reykjavíkur, 25. ágúst 1869, er auglýst á íslenzku af póstaðgreiðslumanninum í Reykjavík, Óla Finsen, og er prentað í Norðanfara VIII, 97, 15. desembr. Í sama blaði Norðanfara er prentað auglýsing aðalpóststjórnarinnar 28 september 1869, um pótsendingar milli Danmerkur, Íslands og Færeyja á árinu 1870.